

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um tilvísanir, nr. 82/1995.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Skilyrði þess að sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir sérfræðilæknisþjónustu er að sjúklingur afhendi sérfræðingi tilvísun og hlutaðeigandi sérfræðingur starfi samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins.

Skilyrði þess að sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir rannsóknir er að sjúklingur afhendi beiðni og að hlutaðeigandi röntgendeild eða -stofa eða rannsóknardeild eða -stofa starfi samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins.

Með *tilvísun* er átt við eyðublað sem eingöngu heilsugæslulæknar og heimilislæknar gefa út og afhenda sjúklingi vegna meðferðar hjá sérfræðingi í læknisfræði.

Með *beiðni* er átt við blað sem læknir gefur út vegna rannsókna hjá röntgendeild eða -stofu eða rannsóknardeild eða -stofu.

2. gr.

Við 12. gr. bætist: sbr. þó lokamálsgrein 2. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í b-lið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. apríl 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin stöðvunarskylda á Lynghálslíni gagnvart umferð um Stuðlaháls.

Ákvörðun þessi tekur gildi 10. apríl 1995.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. mars 1995.

Böðvar Bragason.